

**Sp. 539. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]**

um kosningu millipinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna millipinganefnd er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta.

Í starfi sínu geri nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi:

1. Olíuverð til fiskiskipa.
2. Orkuverð til fiskvinnslu, s. s. frystingar og bræðslu.
3. Viðhalds- og þjónustukostnað, s. s. verð á tækjum, vélum og varahlutum.
4. Fjármagnskostnað og fjármögnun fjárfestinga.
5. Flutningskostnað útflutningsafurða.
6. Söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum.
7. Launakostnað í veiðum og vinnslu.
8. Ríkisstyrki.

Nefndin skili af sér með skýrslu til alþingis fyrir næstu áramót.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og ráði sér sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er staðreynd að hver íslenskur sjómaður fiskar meira en annars staðar gerist og að færri skip eru notuð til að ná þeim afla en hjá þeim þjóðum sem við gjarnan berum okkur saman við.

Það er einnig staðreynd að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn meginundirstaða íslensks efnahagslífs og nægir í því sambandi að benda á hlutdeild hans í útflutningstekjum okkar, en hún hefur undanfarin ár verið á bilinu 70%—80%. Á sama tíma hafa ársverk í veiðum og vinnslu aðeins verið 13,5—14,5% af unnum ársverkum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegs verið með þeim hætti að hann berst í bökkum og kjör þess fólks, sem við hann vinnur, oft á tíðum bæði lakari og ótryggari en gerist hjá öðrum stéttum, en kjör þessa fólks eru nátengd þeim rekstrarskilyrðum sem sjávarútveginum eru búin.

Það er ljóst að til að sjávarútvegurinn geti keppt við aðrar greinar um vinnuafli og svarað kröfum um aukin gæði og verðmætasköpun þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Í ljósi þessa og mikilvægis sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum gerir tillagan ráð fyrir að dregnar verði saman víðtækar upplýsingar um rekstrarskilyrði sjávarútvegs og stöðu hans, m. a. með tilliti til aðstæðna sjávarútvegs í samkeppnislöndum okkar. Í framhaldi af slíkri gagnasöfnun verði bent á leiðir til úrbóta.